

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Mikla norræna ritsímafélagsins.

1. gr.

Styrktarsjóður Mikla norræna ritsímafélagsins er stofnaður með gjafabréfi, sem póst- og símamálastjóra var afhent af Mikla norræna ritsímafélaginu í tilefni af 50 ára afmæli landssímans 29. september 1956. Stofnfé sjóðsins var upphaflega kr. 150.000 eða tilsvarendi upphæð í dönskum gjaldeyri. Þegar skipulagsskrá þessi er gerð er uppreiknað stofnfé sjóðsins kr. 2.759.663.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja einstaka starfsmenn Landssíma Íslands hf. til þess að afla sér frekari þekkingar í einhverri sérgrein símarekstrar og til þess að skoða og kynnst einstökum þáttum símarekstrar erlendis.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum sem tilnefndir eru af forstjóra Landssíma Íslands hf. Stjórn sjóðsins hefur með höndum vörslu sjóðsins og úthlutun styrkja og ber ábyrgð á fjárreiðum hans.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í verðbréfasjóðum banka og verðbréfafyrirtækja með það að markmiði að ná fram sem hagstæðastri ávöxtun og áhættudreifingu á hverjum tíma.

5. gr.

Ávöxtun sjóðsins skal varið til styrkveitinga. Þegar sérstaklega stendur á, má einnig úthluta hluta af höfuðstólnum, en þó ekki svo miklu að höfuðstóll hans fari niður fyrir kr. 2.800.000.

6. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrkveitingar, athugar umsóknir og dæmir um þær, ákveður hverjir fá styrk og hve mikinn og setur önnur skilyrði fyrir styrkveitingu.

7. gr.

Úthlutun styrkja fer að jafnaði fram á hverju ári, en þó má fresta styrkveitingum til næsta árs, enda komi þá tilsvarendi hærri upphæð til úthlutunar.

8. gr.

Skilyrði til þess að koma til greina við styrkveitingu er að umsækjandi hafi verið starfsmaður Landssíma Íslands hf. í 2 ár og hafi sýnt námsáhuga og árvekni í starfi sínu og skuldbindi sig til þess að gefa stjórn sjóðsins skýrslu um námsferð sína innan 3 mánaða eftir að henni er lokið, og enn fremur að starfa áfram hjá Landssíma Íslands hf. að minnsta kosti í 2 ár. Geti hann ekki haldið þessi skilyrði, endurgreiði hann styrkinn.

9. gr.

Reikningsár er almanaksárið. Haldið skal bókhald fyrir sjóðinn og saminn ársreikningur samkvæmt gildandi bókhaldslögum.

10. gr.

Stjórn sjóðsins getur síðar látið gera breytingar á orðalagi þessarar skipulagsskrár, ef breyttar aðstæður gera það nauðsynlegt, en þó má ekki víkja frá þeirri hugsun, sem upphaflega lá á bak við stofnun sjóðsins um tilgang hans.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir sjóðinn sem staðfest var af forseta Íslands þann 1. september 1957. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari samkvæmt lögum nr. 19/1988 og fellur þá eldri skipulagsskrá úr gildi.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. janúar 2006.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.